

Mánudaginn 20. október 1982.

Nr. 179/1980. **Samvinnutryggingar g/t**

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

gegn

Grétari Kristjónssyni

og gagnsök

(Páll S. Pálsson hrl.).

Brunatjón. Vátryggingarbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason og settur hæstaréttardómari Guðrún Erlendsdóttir.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. september 1980 og gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda og dæmdur málskostnaður úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi útg. 22. desember 1980, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. desember 1980.

Dómkröfur gagnáfrýjanda eru aðallega þær, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og aðaláfrýjanda gert að greiða honum 60.000.00 nýkrónur með 24.5% ársvöxtum frá 1. ágúst 1979 til 1. september 1979, með 27.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 33% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Til vara krefst gagnáfrýjandi þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjanda gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var ekki gagngert á því byggt af hálfu aðaláfrýjanda, að vátryggingarsamningur aðilja hefði ekki verið skuldbindandi fyrir hann. Þá var því ekki haldið fram af hálfu gagnáfrýjanda, að verðmæti hinna vátryggðu muna hefði numið meiru en

vátryggingarfjárhæð þeirra. Var því ekki sérstaklega andmælt af hálfu aðaláfrýjanda.

Eigi er fullsannað, hver voru upptök eldsins.

Hegðun gagnáfrýjanda, er hann varð eldsins var, var með miklum ólíkindum. Greiðlega gekk að ráða niðurlögum eldsins, eftir að slökkvilið kom á vettvang. Má ætla, að unnt hefði reynst að bjarga innbúi að töluverðu leyti, ef gagnáfrýjandi hefði hafist handa um tilhlýðilegar aðgerðir, er hann varð eldsins var. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann um það, að lækka beri bætur til gagnáfrýjanda með vísan til 52. gr. laga nr. 20/1954 og 21. gr. vátryggingarskilmála aðaláfrýjanda. Þykir rétt að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda 30.000.00 nýkrónur með vöxtum, svo sem krafist er.

Eftir þessum málalokum verður aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst samtals 12.000.00 nýkrónur.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Samvinnutryggingar g/t, greiði gagnáfrýjanda, Grétari Kristjónssyni, 30.000.00 krónur með 24.5% ársvöxtum frá 1. ágúst 1979 til 1. september 1979, með 27.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 33% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og 12.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. júlí 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 16. júní sl., hefur Grétar Kristjónsson, Gilsbakka, Hellissandi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 6. nóvember 1979, á hendur Samvinnutryggingum g/t til greiðslu tryggingarbóta að upphæð kr. 6.000.000

með 24.5% ársvöxtum frá 1. ágúst 1979 til 1. september 1979, með 27.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 33% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefnda er sótt þing og þess krafist, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi hans samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Sátt hefur verið reynd fyrir dóminum, en án árangurs.

Málavextir eru þeir, að þann 23. mars 1979 kom Guðný Sigfúsdóttir, eiginkona stefnanda, á umboðsskrifstofu stefnda á Akranesi. Þetta var á föstudegi. Erindi Guðnýjar var að falast eftir heimilistryggingu. Hún ritaði nafn sitt undir formlega váttryggingarbeiðni á nafn stefnanda. Váttryggingarupphæð var ákveðin kr. 6.000.000 og gildistími váttryggingarinnar frá 23. mars 1979 til 1. janúar 1980. Iðgjald greiddi Guðný ekki.

Laust fyrir kl. 0700 mánudaginn 26. mars 1979 var tilkynnt til lögreglunnar á Akranesi, að eldur væri laus í húsinu nr. 21 við Vesturgötu á Akranesi, en það hús átti stefnandi, þar var heimili hans og fjölskyldu hans, og þar var váttryggð innbúið.

Þegar slökkviliðið kom á vettvang, var mikill eldur laus í húsinu, en húsið var úr timbri, hæð, ris og steinsteyptur kjallari. Greiðlega gekk að slökkva eldinn, en bæði hæðin og risið eyðilögðust svo og meginhluti innbús.

Ítarleg rannsókn fór fram á tildrögum eldsvoðans á vegum rannsóknarlögreglu ríkisins. Í endurriti rannsóknarinnar, sem fram er lagt í málinu, greinir frá því, að ekki verði með vissu sagt til um upptök eldsins, en líkur bendi til, að hann hafi komið upp í herbergi inn af eldhúsi. Húsið hafi allt brunnið að innan og innbúið sömuleiðis. Jafnframt segir þar, að um eldsupptök verði ekki fullyrt. Þau kynnu að hafa orðið vegna ógætilegrar meðferðar elds eða vegna íkveikju, en eins og meðfylgjandi skýrslur beri með sér, hafi ekkert upplýst um þetta efni.

Stefnandi var einn heima, er eldurinn kom upp, og hafði verið að vındrykkju frá því aðfaranótt sunnudags. Hann var handtekinn og settur í varðhald. Í skýrslu Viðars Einarssonar, lögregluþjóns á Akranesi, sem frammi liggur í málinu, kemur fram, að Viðar hafi verið á næturvöktum þær tvær nætur, er næstar fóru á undan brunanum. Hann segir stefnanda málsins, Grétar Kristjánsson, hafa haft samband við lögreglustöðina margsinnis

á því tímabili. Hann hafi viðurkennt að vera ölvaður í þau skipti, er hann hringdi. Nóttina fyrir brunann hafi Grétar haft samband við lögregluna um síma og rætt við Viðar. Þetta hafi verið um kl. 0415. Hann hafi þá haft á orði, að kona hans hefði verið að athuga um tryggingar á húsinu hjá Samvinnutryggingum og hefði hann ástæðu til að ætla, að hún mundi kveikja í húsinu eða væri að hugsa um það. Í skýrslu Viðars er það tekið fram, að Grétar hafi virst vera mjög ölvaður, er samtalið fór fram.

Eiginkona stefnanda segir í skýrslu sinni fyrir rannsóknarlögreglu, að kl. 2200 laugardaginn 24. mars 1979 hafi þau hjónin farið á dansleik á Hótel Akranes. Þar hafi þau drukkið áfengi, en ekki orðið mikið drukkin. Hún hafi ein farið heim um kl. 0200 og hafi stefnandi þá verið þar fyrir. Hann hafi ráðist á sig með skömmum og lagt á sig hendur og hafi hún hrakist að heiman. Konan upplýsti, að stefnandi hefði á þessum tíma vitað, að hún hafði farið í umboð Samvinnutrygginga og samið um heimilistryggingu. Eiginkonan dvaldi síðan hjá vinafólki þeirra hjóna á Akranesi fram yfir brunann og hafði ekki samband við mann sinn. Sonur þeirra hjóna, 11 ára gamall, var með henni. Eldri sonur þeirra, sem var til heimilis hjá þeim, var á sjó á umræddu tímabili.

Stefnandi hefur gefið skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, og liggur sú skýrsla frammi í málinu. Hann kannaðist við að hafa sagt lögreglunni, að hann og kona hans hefðu verið að hugsa um að kveikja í húsinu. Auk þess hefði hann eitthvað rætt um tryggingu, sem kona hans hefði tekið fyrir nokkru. Þegar hann hafði talað við lögregluna, hefði hann hringt í númer læknis, er lögreglan gaf honum upp, en þar hefði ekki verið svarað. Ætlunin hefði verið að ná til læknis og fá hjá honum sprautu, svo hann gæti sofnað. Hann hefði síðar hringt í Guðbjörgu, konu Jóhanns Ársælssonar, en hjá þeim hjónum dvaldi kona stefnanda á þessum tíma. Hann kvaðst hafa beðið Guðbjörgu að hringja í lækni fyrir sig. Eftir að hann hafði hringt í Guðbjörgu, hefði hann gengið niður í herbergið, sem var inn af eldhúsinu, og tekið að lesa ljóð. Þar hefði hann reykt og lagt frá sér hálfreykta sigarettu í öskubakka, að hann telur, eða látið hana á borðbrún. Síðan hefði hann gengið fram í gegnum eldhúsið, lagt ljóðin frá sér á eldhúsborð, sem var rétt innan við dyrnar, og farið síðan inn í stofu með brennivínsflösku með sér. Hann hefði ætlað að leita að tónlist í útvarpinu. Þegar hann hafði verið þar nokkra stund, hefði hann heyrt einhver hljóð, eins og

gengið væri um, hann hefði haldið, að einhver væri að koma. Hann hefði því snúið við og ætlað að ganga fram, en rétt áður en hann kom að dyrunum fram í ganginn, hefði hann heyrt snark í eldi og munað þá skyndilega eftir sígarettunni. Hann hefði þá litið inn í eldhúsið, en ekkert séð nema reyk og auk þess heyrt dynki. Hann hefði þá farið niður stigann og ofan í kjallarann. Hann hefði fengið mikinn reyk ofan í sig í dyrunum og hóstað mikið. Hann taldi, að það hefði liðið yfir sig í kjallarastiganum, því alla vega hefði hann gleymt sér. Hann muni næst eftir sér liggjandi í kjallaratröppunum úti og hefði honum þá verið orðið kalt. Ungur maður hefði gengið fram hjá og hann kallað í hann og beðið hann að gefa sér sígarettu, en hann hefði ekki ansað sér. Hann muni síðan eftir bjarma af eldi og síðan hefði Erla Gísla-dóttir, sem búið hafi í næsta húsi, komið og hlaupið á dyrnar, bankað og kallað nafn konu hans. Einhver hefði spurt hann, hvort einhver væri inni, en hann kveðið nei við því. Hann vissi ekki, hver kallaði á slökkviliðið, en hann hefði ekki gert það. Því næst hefði hann farið inn í næsta hús til Stefáns og Erlu. Þar hefði hann verið, þegar lögreglan kom og færði hann á lögreglustöðina. Hann hefði átt von á því, þar sem hann hafði þvælt um íkveikju við lögregluna fyrr um nóttina. Hann sagðist þess fullviss, að eldurinn hefði komið upp í herberginu fyrir innan eldhúsið. Hann muni eftir því að hafa skilið þar eftir logandi sígarettu, annað hvort á borðbrún eða í öskubakka. Hann sagði mikla fjárhagslega örðugleika hafa steðjað að sér að undanförmu. Hann hefði tapað miklu fé á sjoppurekstri, sem hann hefði stundað fram að áramótum. Rétt sé, að þau hjónin hefðu oft talað um að kveikja í húsinu og fara bara til Spánar fyrir tryggingarféð eða fá sér trillu og flytja austur á firði. Þetta hefði nú samt verið meira hugmynd heldur en þau hefðu nokkurn tímann haft kjark til að hrinda þessu í framkvæmd. Hann kvaðst hafa vitað, að kona hans hefði föstudaginn áður gengið frá tryggingu við Samvinnutryggingar, alla vega hefði hún sagst hafa skrifað undir eitthvert skjal og tryggingarfjárhæðin væri kr. 6.000.000. Ástæða þess, að hann hefði þvælt um íkveikju við lögregluna, hefði verið sú, að hann var reiður út í konu sína og hefði ætlað að gera henni eitthvað til miska, annars hefði þetta verið marklaust röfl. Hann neitaði því harðlega að hafa viljandi kveikt í húsinu, en kvaðst hins vegar nokkurn veginn viss um, að kviknað hefði út frá sígarettunni, sem hann skildi eftir í herberginu inn af eldhúsinu.

Guðbjörg Róbertsdóttir, sem áður er til vitnað, skýrði svo frá fyrir rannsóknarlögreglu, að hún teldi það hafa verið milli kl. 0443 og 0450 aðfaranótt mánudagsins 26. mars, að stefnandi hringdi heim til hennar og hún varð fyrir svörum. Hún hefði greint, að stefnandi var drukkin, en ekki mjög mikið.

Stefán Sigurðsson héraðsdómslögmaður, lögmaður stefnanda í málinu, var árla á fótum umræddan morgun. Hann býr í húsinu nr. 23, sem var næsta hús við hús stefnanda. Við skýrslutöku rannsóknarlögreglu kvaðst hann þegar hafa farið út, er hann hafði spurnir af eldsvoða í húsi stefnanda. Þá hafi mikill eldur logað í eldhúsinu og herbergi inn af því, en hann kvaðst ekki muna, hvort eldur logaði þá í risinu. Stefán kvað stefnanda hafa komið inn á heimili sitt nokkru seinna, þá sýnilega ölvaðan og með áfengisflösku í hendinni.

Erla Gísladóttir, eiginkona Stefáns Sigurðssonar héraðsdómslögmanns, segist í skýrslu sinni fyrir rannsóknarlögreglu hafa vaknað um kl. 0630 umræddan morgun. Um 10 mínútum seinna hafi sér orðið litið út um glugga, er viti að húsi stefnanda. Þá hafi hún séð ljós í kvistherbergi hússins og einnig í eldhúsi og herbergi inn af því. Hún kvaðst hafa séð einhvern sitja í herberginu og taldi víst, að það hefði verið stefnandi. Hefði hann snúið vinstri hlið að glugganum. Hún kvaðst ekkert hafa séð athugavert, þegar hún leit þarna út um gluggann. Eftir þetta hafi hún farið niður og hellt kaffi í bolla og kveikt á útvarpinu. Hún hefði verið nýbúin að hella í kaffibolla, þegar hún heyrði einhverja bresti eða smelli og skömmu síðar litið út um gluggann á þeirri hlið, er snúi að götunni. Hún hefði þá séð, að reyk lagði frá Vesturgötu 21, sjávarmegin. Hefði hún sagt manni sínum, Stefáni, frá því og hlaupið síðan út, þar sem hún taldi fólk vera í húsinu. Hún hefði hlaupið að útidyráhurðinni, bankað og kallað, en ekki gert tilraun til að opna. Síðan hefði hún hlaupið út á götu eða gangstétt og kallað nafn Guðnýjar, konu stefnanda, nokkrum sinnum, þeim megin. Þegar hún hefði hlaupið þarna út, hefði logað út um gluggann á herberginu inn af eldhúsinu á fyrstu hæð og hefði glerið verið sprungið. Hún taldi glerið í eldhúsglugganum líka hafa verið sprungið, en mundi ekki, hvort eldur logaði þar út. Hún sá ekki Grétar. Hún fór síðan inn til sín, klæddi sig, fór út aftur og kom þá að Grétari, þar sem hann sat í kjallaratröppum við hús sitt, en þá var eitthvað af fólki komið á staðinn.

Nokkru eftir atburð þennan barst stefnanda bréf frá stefnda,

og var honum tilkynnt, að gengið hefði verið frá tryggingarskírteini. Að beiðni stefnanda kannaði Stefán Sigurðsson, lögmaður á Akranesi, hvort tryggingarskírteinið væri hjá umboði stefnda á Akranesi. Stefnandi hafði þá glatað fyrrgreindu bréfi, en hann var þá fluttur til Hellissands. Skírteinið, sem er nr. 3448304, reyndist vera hjá Akranesumboðinu, og greiddi lögmaðurinn iðgjaldið þann 19. júlí 1979 og fékk skírteinið í hendur. Með bréfi, dagsettu þann sama dag, krafði lögmaðurinn tryggingarfélagið um greiðslu tryggingarfjárhæðarinnar eftir að hafa haft samband við Akranesumboð stefnda og Kjartan Úlfsson, starfsmann stefnda í Reykjavík. Með bréfi, dagsettu 26. júlí 1979, synjaði stefndi um greiðslu tjónbótanna á þeirri forsendu, að í rannsókn rannsóknarlögreglu ríkisins kæmu fram upplýsingar, sem bentu mjög til þess, að stefnandi hefði valdið eldsvoðanum að yfirlögðu ráði. Með bréfinu sendi stefndi lögmanninum ávísun að upphæð kr. 24.450 til endurgreiðslu tryggingariðgjaldsins. Lögmaðurinn hefur ekki leyst út ávísunina, heldur endursent hana.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að með rannsókn rannsóknarlögreglu ríkisins hafi ekki upplýst, með hvaða hætti kviknaði í húsinu nr. 26 (sic) við Vesturgötu á Akranesi. Þótt þar sé talið, að um íkveikju frá sígarettu geti hafa verið um að ræða, séu orsakir brunans með öllu óupplýstar. Áburði stefnda um, að stefnandi hafi kveikt í húsinu, er mótmælt með öllu, hvað þá heldur að hann hafi gert það að yfirlögðu ráði. Haldið er fram, að engar haldbærar forsendur séu fyrir neitun stefnda um greiðslu tjónbótanna.

Af hálfu stefnda er bótakröfunni hafnað. Í greinargerð sinni telur lögmaður stefnda sýknuástæður fjölmargar. Hann tíundar þar þessar ástæður:

„Stefnandi hefir viðurkennt, að það hafi verið ásetningur sinn, og reyndar þeirra hjóna beggja, að kveikja í húsinu, m. a. til þess að ná út váttryggingarfé og njóta þess erlendis eða í öðrum landsfjórðungi, þar sem þau ráðgerðu að setjast að.

Margt bendir til þess, að stefnandi hafi hrint þessum ráðagerðum í framkvæmd, þótt hann eftir á vilji ekki við því gangast. Hér um vísast til rannsóknarinnar, sbr. atriði, sem rakin eru hér að framan. Eigi þarf að fjölyrða um, hversu alvarlegur slíkur verknaður er. Meðal þess, sem af slíku hlýzt, er algjör missir réttar til váttryggingarbóta, sbr. 18. gr. laga um váttryggingarsamninga.

Yrði eigi talið sannað að lögum, að stefnandi hafi af ásettu

ráði kveikt í húsinu, þá er þó öldungis víst, að hann olli eldsvoðanum með stórkostlega gálauslegri hegðan sinni, sbr. frásögn hans af því, hvernig hann meðhöndlaði logandi vindling, rétt áður en eldur varð laus í húsinu. Hér kemur og til álita sú staðreynd, að stefnandi var einn að drykkju í timburhúsi í andlegu uppnámi og vansvefta.

Í þriðja lagi braut stefnandi gróflega gegn fyrirmælum 52. gr. laga nr. 20/1954, er hann hafðist ekkert að til að slökkva eldinn eða aftra útbreiðslu hans. Hann taldi ekki einu sinni ómaksins vert að kveðja til slökkviliðið, hvað þá að hann leitaði annarra úrræða, svo sem hjálpar vegfarenda eða annarra nágranna. Í stað þess að rækja brýnar lagaskyldur í þessu efni labbaði stefnandi sig út úr húsinu og kom sér þægilega fyrir í kjallaratröppum þess. Virðist það lítt hafa fengið á hann að vita af húsi sínu brennandi yfir sér með öllu, sem í því var verðmæta. Er þetta svo hrikalegt ábyrgðarleysi og dæmalaust og svo gjörsamlega afbrigðileg hegðun, að það verður ekki skýrt með öðru en því að tengja það fyrri hugmyndum stefnanda að brenna ofan af sér húsið. Alveg er fullljóst, að tjónið, sem hér er til álita, eða a. m. k. meginhluti þess, er bein afleiðing af þessu fádæma ábyrgðarleysi og stórkostlega gáleysi stefnanda. Og hefir hann því fyrir þetta eitt fyrirgert öllum bótarétti úr umræddri heimilistryggingu.

Í fjórða lagi braut stefnandi gróflega gegn ákvæðum 21. gr. laga nr. 20/1954 og þar með gegn brýnum hagsmunum stefnda. Samkvæmt lagaákvæði þessu hvílir sú skylda á váttryggðum að skýra félaginu þegar í stað frá því, ef hann hyggst hafa uppi kröfur gegn félaginu. Það gerði stefnandi ekki fyrr en bréf barst frá lögmanni hans, en þá voru liðnir 4 mánuðir frá tjónsatvikinu. Starfsmenn stefnda fóru árangurslausa ferð upp á Akranes daginn eftir eldsvoðann, þar sem hvorki tókst þeim að ná sambandi við stefnanda né eiginkonu hans til að afla nauðsynlegra upplýsinga um hina váttryggðu hagsmuni og tjónið á þeim. Með þessari vanrækslu telur stefndi, að stefnandi hafi fyrirgert þeim bótarétti, sem hann kynni að hafa átt. Í þessu sambandi vek ég athygli á því, að engar upplýsingar hafa fengizt um verðmæti innbúsins fyrir eldsvoðann eða hvernig því reiddi af, sem eigi varð eldi að bráð.

Í fimmta lagi var leynt af hálfu váttryggingartaka mikilsverðum upplýsingum, er váttryggingin var keypt, svo sem um ráðagerð váttryggingartaka að kveikja í húsi sínu, hagi hans og heim-

ilisástæður. Hefðu slíkar upplýsingar legið fyrir í upphafi, er alveg víst, að umboðsskrifstofa stefnda á Akranesi hefði eigi látið þess nokkurn kost að selja stefnanda heimilstryggingu. Hér um vísast til 4. gr. laga nr. 20/1954 svo og 6. gr. Fyrir þessa sök og þó annað kæmi eigi til er rétti stefnanda til váttryggingarbóta úr hendi umbj. m. fyrirgert.“

Þá er bótakröfunni mótmælt sem allt of hárri og órökstuddri. Eiginkona stefnanda, Guðný Sigfúsdóttir, hefur komið fyrir dóminn, og var hún þá að því spurð, hvert hefði verið tilefni þess, að hún tók heimilistrygginguna. Hún kvaðst hafa beðið um þessa tryggingu löngu fyrir áramótin 1978/1979. Það hefði verið vegna þess, að þau höfðu þá eignast töluvert innbú. Þau hafi langað til að hafa þetta eitthvað tryggt, eins og fólk venjulega geri. Þau höfðu þá búið um ár að Vesturgötu 21. Þau hefðu haft heimilistryggingu mörgum árum áður, en að öðru leyti hafi innbú þeirra verið ótryggt. Hún kvaðst hafa rætt við mann sinn, áður en hún bað um þessa tryggingu. Það hefðu þau gert haustið áður, þegar hún eða Grétar talaði við tryggingamann uppi á Akranesi og bað um tryggingu. Síðan hefði það gerst, að yngri drengurinn þeirra hefði skemmt eitthvað bíl á Akranesi og þá hefðu þau tilkynnt það til trygginganna. Það hefði þá komið í ljós, að tryggingin var ekki í gildi. Þau hefðu hins vegar talið sig vera með tryggingu. Þetta hefði verið einhvern tímann um áramótin sem drengurinn skemmdi bílinn. Hún kvaðst hafa talið að við umboðsmanninn föstudaginn 23. mars 1979. Hann hefði alveg kannast við, að þau hefðu áður beðið um tryggingu, og hann hefði spurt sig, hvað þau ættu og hvað tryggingin ætti að vera há. Hann hefði eftir nokkrar umræður stungið upp á, að tryggingin yrði kr. 6.000.000. Umboðsmaðurinn hefði sagt þetta vera algenga upphæð. Hann hefði spurt hana um það helsta, sem þau ættu. Hún hefði farið til umboðsins á þessum degi, þar sem að hún þurfti að taka sér frí úr vinnunni og gera ýmislegt, fara í bankann og sitthvað fleira. Hún kvaðst sjálf hafa átt frumkvæði að því að fara í tryggingarumboðið. Þau hefðu verið sammála um það hjónin, að nauðsynlegt væri að gera þetta, vegna þess að drengurinn skemmdi bílinn. Umboðsmaðurinn hefði sagt henni, að innheimta iðgjaldsins yrði send seinna og skírteini þá með.

Hún sagði, að þau hjónin hefðu hætt sjoppurekstri um áramótin 1978/1979, og vildi ekki viðurkenna, að þau hefðu verið í miklum skuldum. Þau hefðu verið þrjú vinnandi á heimilinu.

Hún kvaðst minnst þess, að einhvern tímann hefði verið á það minnst í gamni, að réttast væri að kveikja í húsinu og fara til Spánar fyrir tryggingarféð eða fá sér trillu eða eitthvað slíkt. Þá sagði hún, að ef þau hefðu eitthvað verið að hugsa um að kveikja í húsinu út af fjárhagnum, þá hefði verið miklu betra að selja húsið heldur en að fara að kveikja í því, því að þau hefðu þó átt innbúið og getað selt húsið fyrir miklu meiri peninga en brunabótamati hússins nam. Lagður hefur verið fram listi, sem eiginkonan hefur gert yfir innbú þeirra hjóna. Segir hún lista þennan réttan, en verðið á hinum ýmsu munum sé ef til vill sumpart of hátt, en sumpart of lágt. Þá hafa verið lögð fram gögn um uppgjör Brunabótafélags Íslands við stefnanda vegna tjónsins á húsinu að Vesturgötu 21, Akranesi. Samkvæmt listanum nam verðgildi innbúsins kr. 11.825.000.

Álit dómsins.

Aðiljar eru um það sammála, að váttryggingarsamningur hafi komist á milli þeirra.

Samkvæmt skýrslu rannsóknarlögreglu ríkisins verður ekki með vissu sagt til um upptök eldsins. Rannsóknarlögreglan segir ekkert hafa upplýst um, að bruninn hafi orðið vegna ógætilegrar meðferðar elds eða íkveikju. Frekari gögn um upptök eldsins hafa ekki komið fram. Gegn ákveðnum andmælum stefnanda er því ósannað, að hann hafi valdið brunanum af ásettu ráði eða fyrir stórkostlega vangá. Skilyrði 18. gr. laga nr. 20/1954 til að svipta hann samningsbundnum bótum eru þannig ekki fyrir hendi.

Fram er komið, að stefnandi gerði enga tilraun til að kveðja til slökkvilið, eftir að hann varð eldsins var. Þá gerði hann enga tilraun til að slökkva sjálfur eldinn eða til að bjarga einhverjum lausafjármunum úr brennandi húsinu. Í stað þessa settist hann í tröppur kjallara hússins. Þegar fyrsta vegfaranda bar að, bað hann um sígarettu, en ekki um, að kallað yrði til slökkvilið. Fram er þannig komið, að stefnandi braut gróflega gegn fyrir-mælum 21. gr. váttryggingarskilmálanna, sbr. 52. gr., 1. mgr., laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga. Telja verður yfir-gnæfandi líkur á, að einhverju hefði mátt bjarga af innanstokksmunum, hefði stefnandi ekki hagað sér svo afbrigðilega, en slökkvistarf gekk greiðlega, eftir að það hófst. Af þessum sök-um þykir eðlilegt að lækka bætur til stefnanda verulega, sbr. 2. mgr. 52. gr. laga nr. 20/1954.

Samkvæmt skýrslum rannsóknarlögreglu ríkisins eyðilagðist

meginhluti innbúsins að Vesturgötu 21, Akranesi, í brunanum 26. mars 1979. Starfsmenn stefnda komu strax á staðinn. Verður ekki séð, að tilkynningar til stefnda um brunann hefðu breytt einhverju um möguleika starfsmanna stefndu til að gera sér frekari grein fyrir tjóninu. 21. gr. laga nr. 20/1954 þykir því ekki hér eiga við.

Þá hefur stefndi ekki sannað staðhæfingu sína um, að umboðsmaður hans á Akranesi hafi verið leyndur mikilsverðum upplýsingum, þá er kona stefnanda tók trygginguna.

Eiginkona stefnanda hefur lagt fram lista yfir tjón heimilisfólksins að Vesturgötu 21, Akranesi, í brunanum 26. mars 1979. Hún hefur staðfest lista þennan fyrir dómi, en segir hann ónákvæman og byggðan á mati hennar sjálfrar. Tjónsupphæðin samkvæmt listanum er verulega hærri en váttryggingarfjárhæðin. Váttryggingarfjárhæðin var fundin með aðstoð umboðsmanns stefnda á Akranesi, sem ómótmælt er, að ráðlagði konunni að tryggja fyrir kr. 6.000.000, þar sem það væri venjulegt. Konan og umboðsmaðurinn munu ekki hafa gert nákvæmlega upp með sér verðgildi innbúsins, þegar tryggingin var tekin, og ekkert mat fór þá fram á verðmæti innbúsins. Þegar þetta er skoðað, þykir hér mega miða við váttryggingarfjárhæðina við uppgjör tjóns stefnanda. Rétt þykir að lækka bætur að nokkru, þar sem rannsóknarlögreglan telur, að einhverju hafi verið bjargað, en aðallega, sbr. ofanskráð, með hliðsjón af 21. gr. váttryggingarskilmálanna, sbr. 52. gr. laga nr. 20/1954. Bætur til stefnanda þykja þannig hæfilega ákveðnar kr. 4.000.000. Vaxtakrafa stefnanda er með tilliti til 3. mgr. 24. gr. laga nr. 20/1954 tekin til greina. Upphafstíma vaxta er ekki mótmælt.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega metinn kr. 700.000.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Samvinnutryggingar g/t, greiði stefnanda, Grétari Kristjónssyni, kr. 4.000.000 með 24.5% ársvöxtum frá 1. ágúst 1979 til 1. september 1979, með 27.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 33% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 700.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.